

## 2. skólaráðsfundur

*Haldinn á kaffistofu Gamla skóla 20. nóvember kl 16.15. Mættir: Daði Sigfússon fulltrúi foreldrafélags leikskólans, Sigurveig Gísladóttir fulltrúi foreldrafélags grunnskólans, Unnur Óskarsdóttir fulltrúi kennara grunnskólans, Bjarnheiður Jónsdóttir fulltrúi annars starfsfólks, Sofíja Una Unnarsdóttir fulltrúi nemenda og Þórunn Hrund Óladóttir skólastjóri sem skrifaði fundargerð. Urður Arna Ómarsdóttir fulltrúi starfsfólks leikskólans boðaði forföll.*

1. Starfið á deildunum. Skólastjóri stiklaði á stóru um starfið á deildunum.
  - Nemendur í unglingadeild tóku þátt í Legó – keppninni og náðu prýðilegum árangri þó þau væru ekki í verðlaunasæti.
  - Opinn dagur var haldinn 17. nóv. Hann var helgaður degi íslenskrar tungu og unnu nemendur ýmiss konar verkefni tengd honum. Í framhaldinu, daginn eftir, var foreldrum og öðrum góðum gestum boðið að koma og skoða afraksturinn og var mjög vel mætt. Einnig var boðið upp á tónlistaratriði þar sem hljómsveitir skólans tróðu upp.
  - Jólatónleikar listadeildar verða haldnir 16. desember í Bláu kirkjunni.
  - Jólaundirbúningur er að komast á fullt skrið. Nemendur leikskólans eru byrjaðir að gera jólagjafir og kort til foreldra og stefnt er á rólega daga í desember. Sama á við um grunnskóladeildina en þar er hefð fyrir „dásamlegum desember“ þar sem lítið jólauppbrot er á hverjum degi. Jólaundirbúningi lýkur síðan með litlu jölunum á öllum deildum 19. desember.
2. Sjálfsmatsskýrsla grunnskóladeildar. Farið yfir sjálfsmatsskýrslu grunnskólans og helstu niðurstöður ræddar. Foreldrafélag grunnskólans er mjög tilbúið til að leggjast á árarnar með það að finna leiðir til að efla trú nemenda á eigin getu og vinnubrögðum í námi, auk þess að styrkja þrautseigju þeirra. Ákveðið að fara í það af fullum krafti eftir áramót.
3. Ný skólabýgging. Allt í fullum gangi í undirbúningi fyrir nýjan skóla. Teikningar voru kynntar á íbúafundi í lok október og hönnuðir komu í vettvangsheimsókn í nóvemberbyrjun til að skoða aðstæður. Eins og staðan er núna er miðað við að farið verði í útboð í byrjun maí.

Ýmis önnur mál:

Rætt um starfskynningar hjá elstu nemendum grunnskólans. Þær voru lengi vel fastur liður í skólastarfinu en hafa ekki verið fastar á stundaskrá núna í nokkur ár. 10. Bekkur fór í velheppnaða heimsókn á Fossahlíð á degi sjúkraliðans sem vakti upp umræðu um mikilvægi þess að koma starfskynningum í fastara form ekki síst með áherslu á nærumhverfið. Skólastjóri leggur upp með að lista upp allt sem verið er að gera nú þegar í náms – og starfskynningum og sjá hvar hægt er að bæta í.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17.20